

Mál nr. 134/2025**VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Skilyrði þess að bótakrafa erfist. Krafa um miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga.****Gögn.**

4. Málskot móttakið 11. apríl 2025 ásamt fylgiskjöllum.
5. Bréf V dags 27. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 10. desember 2022 hafi eiginmaður M, X, lent í árekstri. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður bifreiðarinnar A hafi átt sök á árekstrinum. Í kjölfar slyssins fann X fyrir líkamlegum afleiðingum og hinn 6. júní 2024 var matsbeiðni send V. Matsfundur fór fram hinn 5. september 2024 og matsgerð lá fyrir hinn 30. nóvember 2024. Hinn 3. desember 2024 hafi V verið sent bréf þar sem gerð var krafa um þjáningabætur á grundvelli 3 gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, bætur vegna varanlegs miska samkvæmt 4. gr. sömu laga og miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. X lést hinn 7. desember 2024. V hafnaði bótakröfunni með bréfi dags. 6. janúar 2025 með vísan til þess að skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga fyrir því að krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska erfist væru ekki uppfyllt þar sem krafan hefði ekki verið viðurkennd.

M, sem situr í óskiptu búi, telur ákvörðun V ekki réttmæta. Byggir M á því að með því að undirrita matsbeiðni án nokkurs fyrirvara hinn 24. júní 2024 hafi V viðurkennt bótaskyldu, þó fjárhæð kröfunnar hafi ekki legið fyrir fyrr en 30. nóvember 2024. V hafi þá ekki gert neinar athugasemdir, s.s. við aðferðafræði eða niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar eða tilkynnt um að til hafi staðið að hnekkja henni, fyrir andlát X heitins. Tilviljun hafi ráðið því að bótatilboð V lá ekki fyrir við andlát X. Vísar M þá til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 429/2022 því til stuðnings að V sé skylt að greiða bætur vegna þjáninga og varanlegs miska.

M gerir þá einnig kröfu um bætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, en sérregla 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga um skilyrði fyrir því að krafa um bætur erfist eigi ekki við um skaðabætur samkvæmt því ákvæði. Byggir M jafnframt á því að réttur til miskabóta samkvæmt 26. gr. erfist hafi tjónþoli verið á lífi þegar hinn skaðabótaskyldi atburður átti sér stað, enda miðist stofndagur kröfu við það tímamark, jafnvel þó tjónþoli eigi, eðli máls samkvæmt, þess ekki alltaf kost að krefjast bóta fyrr en nokkru eftir tjónsatvik. Er jafnframt vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 192/2012 framangreindu til stuðnings.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að bótakrafa sem byggði á matsgerðinni hafi ekki verið viðurkennd áður en X heitinn lést. Það eitt að V hafi staðið að mati á afleiðingum slyss geti ekki talist jafngilda því að bótakrafa hafi verið viðurkennd. Almennt hefðu næstu skref V til að mynda getað verið þau að afla mats dómkvaddra matsmanna á afleiðingum slyssins. Þegar tjón verði á líkama, eins og í tilviki X, verði bæturnar að teljast persónulegs eðlis og erfitt geti reynst að endurmeta tjónið í tilviki sem þessu. Þar af leiðandi verði regla 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga, um að krafa erfist ekki nema hún hafi verið viðurkennd, að teljast eðlileg. V hafi með engum hætti gefið í skyn að það mundi una matsgerðinni eða fallast á kröfu X. Er þá vísað til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-901/2018 framangreindu til stuðnings. Hvað varði bætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga þá liggi ekkert fyrir um að V hefði verið skylt að greiða bætur samkvæmt ákvæðinu jafnvel þó fyrir lægi að bæturnar erfðust enda sé ekki sýnt fram á að skilyrði 26. gr. séu uppfyllt. Hafi V hvorki samþykkt greiðslu slíkra miskabóta né gefið það í skyn að slík krafa yrði samþykkt. Í því tilviki sé þá einnig um að ræða bætur vegna líkamstjóns sem séu persónulegs eðlis og örðugt að endurmeta tjónið eftir andlát tjónþola. Eigi því sömu röksemdir við fyrir því að bætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga erfist ekki.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga erfist krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í sakamáli. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort krafa X um bætur vegna þjáningar og varanlegs miska hafi verið viðurkennd í skilningi þessa ákvæðis. Skýringar í greinargerð með umræddu ákvæði veita ekki skýrar leiðbeiningar varðandi það hvers kyns athafnir leiði

til þess að krafa teljist viðurkennd en samkvæmt orðalagi ákvæðisins er ljóst að það er ekki nauðsynlegt að mál hafi verið höfðað til heimtu eða viðurkenningar hennar.

Hlýtur þá að koma til skoðunar og mats nefndarinnar hvort V hafi með atferli sínu viðurkennt kröfuna, en fyrir liggur að kröfubréfi X var ekki svarað fyrir andlát hans. Fyrirliggjandi er matsbeiðni, dags. 6. júní 2024, sem er undirrituð fyrir hönd V og tjónþola. Verður því að líta svo á sem aðilar hafi komið sér saman um matsmann og staðið saman að matsbeiðninni, þ.á.m. þeim spurningum sem þar eru settar fram. Liggur því fyrir að V féllst á að taka þátt í mati á afleiðingum hins bótskylda atburðar. Matsgerð á grundvelli framangreindrar beiðni lá fyrir hinn 30. nóvember 2024 og verður ekki séð að neinir annmarkar séu á þeirri aðferðafræði sem var beitt við matið né hefur því verið borið við af hálfu V.

Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að með athöfnum sínum hafi V viðurkennt kröfuna sem slíka og að í raun verði að telja það tilviljun að kröfubréfi X, sem byggði á fyrrgreindri matsgerð, hafi ekki verið svarað fyrir andlát hans. Er það af öllu framansögðu mat nefndarinnar að skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga um að krafa hafi verið viðurkennd sé uppfyllt.

Kemur þá til skoðunar hvort X hafi átt rétt til miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og ef svo er hvort sá réttur skuli erfast. Samkvæmt því ákvæði er heimilt að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi veldur líkamstjóni annars manns greiða honum miskabætur. Svo slík miskabótakrafa komi til álita þarf að sýna fram á að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, þ.e. að háttsemi hans hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt megi telja, og að það hafi leitt til líkamstjóns X. Í málskoti er ekki ítarlega rökstutt hvernig skilyrðið um stórkostlegt gáleysi sé uppfyllt en fyrirbyggjandi er lögregluskýrsla, dags. 15. desember 2022, um áreksturinn.

Er þar haft eftir ökumanni A að hann hafi „tekið framúrakstur“ og í kjölfarið blindast af sól og ekki tekið eftir bifreið sem kom til móts við hann, þ.e. bifreið X. Kvaðst hann hafa verið á um 100 kílómetra hraða á klukkustund í aðdraganda árekstursins. Hann reyndist ekki undir áhrifum áfengis. Haft er eftir vitni, sem ók á eftir A í aðdraganda áreksturs, að A hefði verið við framúrakstur á vinstri vegarhelmingi og hafi verið um „mikinn glæfraakstur“ að ræða.

Af framangreindu verður að telja ljóst að ökumaður A hafi ekki hagað framúrakstri sínum til samræmis við áskilnað 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sér í lagi a-lið 2. mgr. þeirrar lagagreinar. Þá liggur fyrir að lögregla hafði samband við ökumann A vegna umferðarlagabrots þar sem hann hefði ekki hagað ökuhraða sínum til samræmis við aðstæður, en samkvæmt lögregluskýrslu var hálka á vettvangi. Gekkst ökumaður A við því broti.

Verður að telja að með framangreindri háttsemi, þ.e. með því að aka of hratt miðað við aðstæður, en hálka var á vettvangi auk þess sem gera má ráð fyrir því að sól hafi verið lágt á lofti, og hraðar en heimilt var samkvæmt lögum, og með því að gæta ekki að því við framúrakstur að unnt væri að aka fram úr án áhættu og sér í lagi að því að akrein sú sem hann nýtti við framúraksturinn væri án umferðar á nægilega löngum kafla, hafi ökumaður A sýnt af sér gáleysi í þeim mæli að telja verði það stórkostlegt. Er það því mat nefndarinnar að X heitinn hafi átt rétt til miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Samkvæmt orðanna hljóðan tekur 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga ekki til krafna um miskabætur á grundvelli 26. gr. sömu laga. Er ekki séð að tilefni sé til að túlka umrætt ákvæði með rýmri hætti en orðalag þess gefur til kynna. Verður því, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 192/2012, að miða við að X hafi þegar við tjónsatvikið eignast kröfu um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og að sú krafa sé andlag erfða eftir hann og flytjist því til dánarbús hans.

Niðurstaða.

Krafa X um bætur vegna þjáningar og varanlegs miska úr ábyrgðartryggingu A hjá V erfist samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Viðurkenndur er réttur X til bóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V og erfist sú krafa samkvæmt almennum reglum.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir